

Aðfangadagskvöld

Eitt sinn voru mjög fátæk hjón,
tvö að ferðast, dag og nótt,
uns þau komu í litla borg,
en konan, var með sótt.
Það var skemmtun borginni í
enginn mátti vera að því
að hjálpa þeim sem þurftu.
Og alls staðar var sama svar:
“Snautið í burtu!”

Gistihúsið var yfirfullt,
það var orðið áliðið.
Loksins fundu þau fjárhús eitt,
þau þoldu ei lengur bið.
Og þau komust þangað inn.
Konan var aðframkomin,
þar skyldi ungbarn fæðast.
En hlýtt var þar.
Hún fann þar var
ekkert að hræðast.

Síðan fæddi hún fagran son
og í jötu lagði hann.
Allt varð undarlegt kringum þau.
Ný stjarna á himni brann
og smám saman myrkrið fór
en þá birtist englakór
sem knékraup barninu ungu.
Og allsstaðar
svo heiðbjart var
englarnir sungu.

Það var himnesk englafjöld
þetta aðfangadagskvöld.
Ný hátíð var upp runnin.
Það var komin jólanótt.
Síðan er hver jólanótt
hvert ár barnahátíðin mest,
la la la la barnahátíðin best.

Þorsteinn Eggertsson


Eftirspil



Það var aðfangadagskvöld,
fyrsta aðfangadagskvöld að jólahátíðinni,
þetta aðfangadagskvöld
fyrsta aðfangadagskvöld
er enn barnahátíðin mest,
la la la la barnahátíðin best.

Það var aðfangadagskvöld...

Það var aðfangadagskvöld...



Aðventuguðsþjónusta Flataskóla í Vídalínskirkju
11. desember 2011, kl. 11:00



Hljóðfæraleikur á undan messu
Látúnskvartertinn E.F.O.K.

Skírn

Kveikt á aðventuljósum

Við kveikjum einu kerti á

1. Við kveikjum einu kerti á.
Hans koma nálgast fer
sem fyrstu jól í jötu lá
og Jesú barnið er.
2. Við kveikjum tveimur kertum á
og komu bíðum hans,
því Drottinn sjálfur soninn þá
mun senda í líking manns.
3. Við kveikjum þremur kertum á,
því konungs beðið er,
þótt Jesús sjálfur jötu og strá
á jólum kysi sér.

Lilja S. Kristjánsdóttir



Miskunnarbæn

Upplestur nemenda

Klukknahreim

Þótt ei sjáist sól sveipar jarðarból,
hug og hjarta manns, heilög birta'um jól.
Mjöllin heið og hrein hylur laut og stein.
Á labbi má þar löngum sjá lítinn jólasvein.

Klukknahreim, klukknahreim hljóma'um fjöll og fell.
Klukknahreim, klukknahreim ber á bláskins svell.
Stjarnan mín, stjarnan þín stafa geisla'um hjarn.
Gaman er að geta'um jól glaðst sem lítið barn.

Komið, komið með kringum jólatréð.
Aldrei hef ég eins augnaljóma séð.
Björn fær hlaupahjól og Halla nýjan kjól.
Sigga, brúður sínar við, syngur „Heims um ból“.

Klukknahreim, klukknahreim...

Lofur Guðmundsson

Jingle Bells

Dashing through the snow
On a one-horse open sleigh,
Over the fields we go,
Laughing all the way;
Bells on bob-tail ring,
Making spirits bright,
What fun it is to ride and sing
A sleighing song to-night.

Jingle bells, jingle bells,
Jingle all the way!
O what fun it is to ride
In a one-horse open sleigh.
J.S. Pierpont

Ávarp skólastjóra

Hátíð í bæ

Ljósadýrð loftin gyllir,
lítið hús yndi fyllir,
og hugurinn heimleiðis leitar því æ,
man ég þá er hátíð var í bæ.

Ungan dreng ljósin laða,
litla snót geislum baða.
Ég man það svo lengi sem lifað ég fæ
lífið þá er hátíð var í bæ.

Hann fékk bók en hún fékk nál og tvinna,
hönd í hönd þau leiddust kát og rjóð.
Sælli börn mun sjaldgæft vera' að finna,
ég syng um þau mín allra bestu ljóð.

Söngur blítt svefninn hvetur,
systkin tvö geta' ei betur,
en sofna hjá mömmu, ég man þetta æ,
man það þá er hátíð var í bæ.

Ólafur Gaukur Þórhallsson



Bæn og faðirvor

Helgileikur

Nemendur 5. bekkja



Blessun